

Draumur sonarins.

Ég frið-finn - yrkir.

Í svefni fékk sonur minn draum.
Sá vald og allskonar glaum.
Allt þakið þekkingu og auð.
Þekking í pottunum sauð.

Þarna var maður með mátt.
Miskunn hans tók fólk í sátt.
Allar hann byrðarnar bar.
Brýningu ei vantaði þar.

Sólskin vék sorta í burt
Um sorgina var ekki spurt.
Dúkar og borð báru hvítt.
Baðað og allt gerðist nýtt.

Niðdimm var enn úti nótt.
Inni var fólkíð þó rótt.
Öryggið allstaðar var
og elskan búandi þar.

Hvítasta lit höfðu föt
og hvergi sjáanleg göt.
Allt þarna eignað var frið
sem allir tóku af mið.

Guð vinir gefur oss vel.
Gefur oss og vinar þel
Guð er til staðar og stór
Staðfastur er. Alveg rór.

Ákvörðunin.

Ég frið- finnur yrki

Ákvörðun er valdið um veginn minn
Vel ég sjálfur hvert fari leið.
Halla mér að henni sem strýkur kinn.
En hvort er gatan mjó eða breið?

Allir geta valið og velja sitt.
Valið setur manninn jörðu á.
Á hvað grunni góðum ég valdi mitt
Gæfusporið vildi alltént fá.

Áætlun í allskonar skötu mynd
Út frá henni valdi ég svo.
Ég hellti mér á fullu í fúla synd
Festist þar í daga fleiri en tvo.

Breiður sá var vegur en ekki mjór.
Vitleysan við einteyming ei reið.
Tíminn leið og gerðist ég gramur, sljór
á götunni sem lýsir og er breið.

Fallnir menn og misnotkun dvelja þar.
Máski bara var ég einn af þeim.
En fyrir tíman orðin var aldið skar,
og ekki lengur viss um hvar sé heim.

Glimerinn og glæsileikinn reyndust tál.
Guð er ekki vegi þessum á.
Að fara þennan veg er vinir ekkert mál.
En víti sjálft mun alla þarna fá.

Bæn og betri lund.

Ég frið-finnur yrkir.

Gefðu meir og gakktu veginn
götuna til frama.
Skoða margt og skápinn eigin
þó skoðun sé til ama.

Maður þarna margt gott lærir
Mun sumt betur skoða.
Það smá saman í lag færir
og sumt frá miklum voða.

Að vilja ekki gott neitt gera
en ganga í eigin stífni,
er vont að áfram verða að bera,
og versta oft sérhlífni.

Hér er skár að brosa bljúgur,
og biðjum meiri vilja,
en áfram vera ofsa drjúgur
og engan manninn skilja.

Sýnum öðrum sannan vinskap
og segjum " Jesú friður "
Kveikum á Krists rétta boðskap.
Kveðum mæðu niður.

Þá aftur birtir til í brjósti.
Bænin upp þá stígur.
Sögð næst færri orð af þjósti.
Um betri lund svo flýgur.

Bænin mín og Guð

Ég frið-finnur yrki

Sóðalegt umhverfið er.
Eyðilegt er það og dökkt.
Þetta hver heilvita sér.
Hverju á er núna slökkt?

Hversvegna ei vökum vér?
Vakandi eru sem sjá.
Guð minn á himnum gef mér
greind til að sitja ekki hjá.

Gefðu mér kraftinn og kjark.
Kærleika allan sem þarf
Láttu fólk taka á mér mark
Með syninum vil taka arf.

Gefðu að Orðið þitt allt
eignist nú hjörtu sem slá.
Gefðu okkur eilítið salt.
Að ei komi hingað ský grá.

Eigðu mig elskaði Guð.
Eilítið færðu mér vit.
Annars mun allt vera puð.
Eftir ég sit alveg bit.

Gefðu að gæði þín öll
góð séu öllum og mér.
Ekki bið um neina höll,
að engin sé skorturinn hér.

Bræla við bryggju

Ég frið-finnur yrki

Aftur er komin bræla bræður
og blindhríð sem hindrar sýn.
Almættið er sem öllu ræður.
Ekkert er það nú grín.

Snjóar á dekkið drengir góðir.
Dálaglegt útlit er
Hvín líka í rá og reiða bróðir.
Rosalegt gerist hér.

Ískrið í dekkjum eyrun skera
Eilítið ruggar með.
Margt þarf ég maður nú að bera
Maður. Þó bara það.

Í kæru vinir strekkir strenginn.
Stöndum þó ennþá hér.
Allt herðir þetta þreyttan drenginn
þytur í eyrun sker.

Á vindi herðist heyrast manni
hvinur og roksins ýl.
Vona að útgerð ástand banni
að eignast hún geti bíl.

Fiska sem róa félagar góðir
Fiskurinn bíður nú.
Leitum bræður á bæna slóðir
Biðjum í einlægri trú.

Einn í fjöldanum.

Ég frið-finnur yrkir

Sorgmæddur gengur um götur og stræti
grætur hið innra en léttur á fæti.
Allir menn sjá hann en heyra ekki hrópið
hver vildi taka undir ópið?

Göturnar fullar af einmanna sálum
engin skal vita og hinir á nálum.
Borgin er full núna af fólki sem grætur
og fer ekki sjálfkrafa á fætur.

Allskonar leikir í blindu og bakvið.
Baráttan stendur en farið er aflið.
Fólk bara leiðist og liðast með straumi
liggjandi í sínum draumi.

Blekkingin voðaleg vafrar um götur
veifandi fána og setjandi upp fjötur.
Bindur svo hnútinn og herðir næst spottann
og hann gerir barasta flottan.

Hvað varð um sannleikan sorgmæddu verur
segir að við séum ljósmiklar perur?
Hvert flúði lífið sem leikur og dansar
leitandi að honum sem ansar?

Hvað varð af elskunni ágætu vinir?
Öll bara horfin þó við séum synir?
Tími er kominn að kalla á Drottinn.
Kalla á sannasta vottinn.

Í faðm Krists.

Ég frið-finnur yrkir

Skoðum menn og skiljum að
skrykkjótt lífið gengur.
Ekki það ég um minn stað
er allmikill þó fengur.

Skiljum mál og skoðum vel.
Skaða með því forðum.
Stutt er á milli himins, hel.
Hefst af trú og orðum.

Göngum saman göngu menn.
Guð í vorum æðum.
Hann fer fyrir, gerir enn
í ferskleika og gæðum.

Letin engan eign sér
Áfram ráði trúin.
Allt er líkt og áður hér.
Ennþá stendur brúin.

Svefn að baki blóðið rann,
breiðist yfir lífið.
Læknar allt og allt það kann.
Endurheimtar þýfið.

Áfram gakk þið góðu menn
Guð er nú að kalla.
Jesú, kall minn, kemur senn.
Í Krists faðm skal ég falla.

Sendiferð fyrir ömmu.

Ég frið-finnur yrki

Strákarnir hlæja og henda á milli
hnetti sem uppblásinn er.
Þeir eru glaðir þó grínið þá trylli.
Gassinn í þeim landið mer.

Hlátrar og ærslin og endalast fjörið
alla stundina nú á.
Tíminn er horfinn og alveg eins og smjörið
sem amma eins vildi samt fá.

Áfram er hlaupið og henst milli staða.
Hláturinn vaxandi fer.
Smjörið er dottið það dökk vill nú baða.
Drengjunum sama þeim er.

Hnött um allt snérist og snöggur að grípa
og snarlega varpa honum burt.
Er málið þetta og í þessu sig slípa?
Þetta um var ekki spurt.

Amma er heima og horfir veg niður.
Herramenn sjást ekki enn.
Allt saman kunnugt og krakkanna siður:
" Kannski að þeir birtist nú senn? "

Þarna hann kemur svo kinnum í rjóður.
Kramið er smjörstykkið nú.
Rétti henni stykkið og stóð eftir hljóður.
Strákurinn var út úr kú.

Skilríkin mín.

Ég frið-finnur yrki

Skilríkin eru skír maður.
Skilja að lífið og dauða.
Hvar er og hver er minn staður?
Á himni og meðal Guðs sauða.

Þessi er eignin mín besta
Ekki við hana vill skilja.
Að hafna væri það versta
Vilji Guðs skal mig því ylja.

Gangan er gjöfin mín sanna.
Göfug er hún öll mín kæra.
Að vilja svo Biblíu banna
er bara óstöðugan æra.

Þökkum og þreyjum veg nýjan.
Þökkum. Já nafnið er Kristur.
Göngu um veg gerir hlýjan.
Greiðir í sundur allt mistur.

Segjum frá syninum eina.
Syngjum um hann alla daga.
Hættum þá kannski að kveina
er Kristur fær daginn að laga.

Skilríkin öll eru í hendi.
Engu er við þau að bæta.
Áfram ég þetta svo sendi.
Sonur vill bróður míns gæta.

Söfum. Nei vöknnum!

Ég frið-finnur yrki

Sofðu. Já svefninn þig taki.
Sofðu að vakan ei baki
þér andvöku nætur á nóttum
í norðangaddi og sóttum.

Sofðu og vaktu vart lengur.
Vitið allt fer frá þér drengur.
Sofðu og sjáðu ekkert framar.
Sofðu. En hvíldin þig lamar.

Sofum þá engin oss mæðir.
Allstaðar fólkinu blæðir.
Getur þú gert kæri vinur?
Er Guð kannski orðin smá linur?

Vöknum af alvöru allir.
Eigum Guð en fáar hallir.
Guð byggir, vekur upp verði
er vaka munu á sínu gerði.

Svefn er að baki og bráðum
blíðan upp vaknar hjá snjáðum.
Upp munu rísa úr rústum
réttlæti og við ekki pústum.

Verkið í heimi er hafið
Hver getur það frekar tafið?
Stund er til staðar og reiðu
Strunsum af götunni breiðu.

Týndur en fundinn

Ég frið-finnur yrki

Stormurinn kom og stórstígur gekk.
Staðráðin í að fara.
Gekk bara burt í kulda og trekk.
Blindan var með til vara.

Heimurinn beið og blóðugur var.
Brátt var og horfinn gleði.
Hékk orðið inn á daunillum bar.
Óviss um það sem skeði.

Hungrið lagsmaður lagðist á mig.
Lá fyrir mér sem snara.
Konurnar fóru þær forðuðust mig.
Fjármagnið - það fauk bara.

Allt bræður breyttist í kringum mig.
Blóðið næst um allt flæddi.
Svínin í stúnni nú stara á mig.
Stúrin ég um þar æddi.

Hér fékk ég sjónina hún sýndi mér
sannleikan veru mína.
Ekki ég lengur vil vera hér
En vegurinn heim er pína.

Í fjarska sá Faðirinn aumlegan mann
Flýti sér honum móti.
Honum ég æ í hjartanu ann.
En hjartað er allt í sóti.